

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1988, vegna tekjuársins 1987, skal nema 0,1% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 49 2. febrúar 1987.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Með vísan til ákvæða fjárlaga fyrir árið 1988 og 1. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, hefir sjávarútvegsráðuneytið ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með desember 1987 til og með maí 1988 þar til annað verður ákveðið.

1. Frysting	2,0%
2. Rækjuvinnsla	2,0%
3. Hörpudiskvinnsla	4,5%
4. Síldarsöltun	1,5%
5. Söltun	1,5%
6. Hersla	2,0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	3,5%
8. Lifrarlýsi	2,5%

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.